

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga, nr. 925/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a. 3. tölul. A-liðar 47. gr. fellur brott.
- b. 6. tölul. A-liðar 47. gr. orðast svo:

Fjölskyldu- og velferðarnefnd Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna tveggja skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Sveitarfélagið Vogar og Suðurnesjabær hafa gert með sér samning um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn er dagsettur 20. ágúst 2020 og hlaut staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sbr. auglýsingu nr. 897/2021. Á grundvelli þess samnings, þar sem Suðurnesjabær er leiðandi sveitarfélag, felur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga fjölskyldu- og velferðarnefnd Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga, ásamt einstökum starfsmönnum félagsþjónustu og barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar, vald til fullnaðarákvörðunartöku í málum. Skal framsalið vera í samræmi við samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar og samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðneytinu, 30. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.